

Nr. 015 / 09 Kafari***Bjargað úr sjónum*****Gögn:**

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 8. júní 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. febrúar 2009 voru þrír kafarar við köfun og neðansjávarmyndatöku út af bryggjunni í Garði á Reykjanesi. Veður: NA 8-9 m/s og háflóð.

Tveir af köfurunum höfðu farið aðeins á undan þeim þriðja í land en þegar hann lauk köfuninni og ætlaði einnig í land færði straumur hann frá landi. Hann kallaði til félaga sinna um að fá einhvern bát til að ná í sig. Félagar hans kölluðu eftir aðstoð og voru björgunarsveitir kallaðar út og þyrta LHG sett í viðbragðsstöðu.

Kafarinn var vel búinn með ljós og fundu björgunarsveitarmenn hann fljótlega. Hann var kominn um 200-300 metra frá landi þegar þeir náðu honum og fluttu heilan á húfi á land um hálfri klst. eftir útkallið.

Við rannsókn kom fram:

- að stórstreymi var á þessum tíma. Kafarinn hafði skoðað sjávarföll áður en hann lagði í ferðina og var háflóð kl. 19:17 í Reykjavík og tímamunur miðað við Sandgerði er -0 08 mín og Keflavík -0 02. Þetta gerðist aftur á móti milli kl. 18:00-18:25 og útfall átti ekki að vera byrjað. Ekki tókst að fá skýringar á þessum straumi nema að um hafi verið að ræða staðbundinn sjávarfallastraum í stórstreymi;
- að kafarinn var með neðansjávarmyndavél meðferðis sem gerði honum erfitt fyrir og stöðuna verri. Hann kvaðst hafa getað sleppt henni og náð henni aftur seinna en valdi þann kost að fá félaga sína til að fá lánaðan bát. Hann hafði ekki reiknað með öllu þessu tilstandi sem varð þ.e.a.s. hæsta viðbúnaðarstigi, Útkall F1- Rauður, enda taldi hann ekki tilefni til þess;
- að kafarinn var vanur að kafa á þessum stað. Útkall björgunaraðila var kl. 18:26 og var hann kominn í land kl. 18:53 eða 27 mín. síðar.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.